



## FUNDARGERÐ

### 130. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 10 maí 2017 kl.10.00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi

Mætt voru; Rakel Óskarsdóttir, Ása Helgadóttir, Árni Hjörleifsson, Hilmar Hallvarðsson, Ingveldur Guðmundsdóttir, Valgarður Jónsson, Hafdís Bjarnadóttir. Rögnvaldur Ólafsson mætti í forföllum Björns Hilmarssonar, Hulda Hrönn Sigurðardóttir mætti í forföllum Magnúsar Smára Snorrasonar og Rósa Guðmundsdóttir mætti í forföllum Eyþórs Garðarssonar. Einnig höfðu Guðveig Eyglóardóttir og Eggert Kjartansson boðað forföll.

Þá sátu fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir lið 10 c var Vífill Karlsson

Rakel Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00

#### 1. Framlögð fundargerð frá 129 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 129 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

#### 2. Almenningsamgöngur

##### a. Rekstur almenningsamgangna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna fyrstu þrjá mánuði ársins. Jafnframt kynnti hann að stefnt er að því að færa rekstur almenningsamgangna yfir í félagið NVB ehf á næstu vikum.

##### b. Sumaráætlun Strætó á Vesturlandi 2017

Lögð fram sumaráætlun Strætó á Vesturlandi 2017

#### 3. Haustþing SSV 2017

Lagt fram minnisblað um dagskrá Haustþings SSV árið 2017.

Samþykkt var að þingið fari fram á Akranesi miðvikudaginn 4 október, en að samráðsvettvangur Vesturlands fundi þriðjudaginn 3 október. Umræður urðu um þema þingsins og var framkvæmdastjóra falið að þróa áfram hugmyndir um eflingu sveitarstjórnarstigsins, húsnæðismál og atvinnumál og leggja fram á næsta stjórnarfundi. Á næsta stjórnarfundi verður valið á milli þessara þriggja möguleika.

#### 4. Fjármál SSV

Lögð fram skýrsla KPMG varðandi fjármál SSV árið 2016. Framkvæmdastjóri fór yfir skýrsluna en fáeinar athugasemdir koma þar fram þar sem lagt er til að breytingar verði gerðar á

verklagi er varða innra eftirliti. Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á verkferlum til að mæta athugasemdum KPMG og þær tillögur til úrbóta sem fyrir liggja samþykktar.

## **5. Sóknaráætlun Vesturlands**

Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2017, en framlög stjórnvalda til verkefnisins hækkuðu um 11 m.kr. eða um 15%. Jafnframt voru lagðar fram tillögur að nýjum áhersluverkefnum.

Stjórn fagnaði auknu framlagi til Sóknaráætlunar Vesturlands 2017 og samþykkti eftirfarandi breytingar við endurskoðun á fjárhagsáætlun:

- að nota uppsafnað eigið fé til öndvegisverkefna.
- að starf menningarfulltrúa verði útfært sem áhersluverkefni.
- að Ungmennahúsið verði nýtt áhersluverkefni og er framkvæmdastjóra falið að útfæra það frekar.

Jafnframt varð umræða um framlög sveitarfélaga til sóknaráætlana og framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.

## **6. Úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands árið 2017**

Lagt fram yfirlit yfir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands árið 2017. Stjórn óskaði eftir að fá frekari upplýsingum um dreifingu styrkja á næsta fundi stjórnar

## **7. Fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022**

Rætt fund SSV með fjárlaganefnd um fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022. Fundurinn fór fram 28. apríl s.l. og sóttu hann formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri auk framkvæmdastjóra þriggja fjölmennustu sveitarfélaganna á Vesturlandi. Farið var yfir áherslur SSV á fundinum og viðbrögð við spurningum sem nefndarmenn í fjárlaganefnd óskuðu eftir að fá frá SSV, en ekki gafst tími til að svara á fundinum.

## **8. Vorfundur atvinnuráðgjafa**

Framkvæmdastjóri greindi frá vorfundi atvinnuráðgjafa sem fór fram í Skagafirði 25 og 26 apríl s.l. Fyrir hönd SSV sóttu þeir Vífill Karlsson og Ólafur Sveinsson fundinn. Fram kom að von er á nýju samningsformi um rekstur atvinnuráðgjafar frá Bygðastofnun. Undir þessum lið kom fram að Rakel formaður er nýskipaður varaformaður stjórnar Bygðastofnunar.

## **9. Staða sveitarfélaga á Vesturlandi**

Stjórnarmenn fóru yfir það sem efst er á baugi í sínum sveitarfélögum, fjárhagstöðu, helstu framkvæmdir og önnur helstu mál.

## **10. Framlögð mál**

- a. **Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra.** Lagt fram yfirlit frá framkvæmdastjóra um fundi sem hann hefur sótt í mars og apríl. Undir þessum lið var sagt frá

heimsókn hóps starfsmanna Varu sýslu í Eistlandi sem komu og kynntu sér nýsköpun, markaðssetningu og ferðaþjónustu á Vesturland.

- b. **DMP.** Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega vinnuna á Vesturlandi við DMP verkefni ferðaþjónustunnar, en verkefnið er að stórum hluta fjármagnað af Ferðamálastofu. Margrét Björk Björnsdóttir, atvinnuráðgjafi SSV, mun sinna þessu verkefni f.h. Vesturlands. Landshlutanum er skipt í fjögur svæði í verkefninu. Snæfellsnes, Dalir, Borgarbyggð/Skorradalur og Akranes/Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað frá Ferðamálastofu um aðkomu sveitarfélaga að verkefninu. Stjórn tók undir það með framkvæmdastjóra að fundað verði með öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og þessu verkefni fylgt eftir.
- c. **Tölfræði.** Vífill Karlsson kom inn á fundinn og sagði frá uppsetningu á ýmis konar tölfræði á heimasíðu SSV þar sem hann m.a. tekur tölur úr árbók sveitarfélaga og setur upp samanburð á myndrænan hátt. Formaður þakkaði Vífli kynninguna og lýstu stjórnarmenn yfir ánægju sinni með þessa vinnu.

Fundi slitið kl. 12.45